

Fyrir afmælisrit HSK.
4. júlí 2018.

Tvísaga

Þorvaldur Gylfason*

Ágrip

Hér segir frá því þegar Þorsteinn Gíslason skáld og ritstjóri fylgdi bók sinni og útvarpserindum *Þættir úr stjórnmalasögu Íslands 1896–1918* (1936) eftir með sögulegri lykilskáldsögu um sama efni, *Tímamót*. Þar er sömu atburðum lýst í víðu samhengi að hætti skáldsins frekar en söguritarans. Skáldsagan birtist ekki á prenti, e.t.v. vegna þess að höfundurinn féll frá í janúar 1938 áður en honum gafst ráðrúm til útgáfu. Fyrirhugað framhald sögunnar er ekki til í handriti.

Inngangur

Sögu landa og þjóða þekkja menn af tveim höfuðstofnum heimilda.

Öðrum megin standa lærðir sagnfræðingar og aðrir sem söguna hafa skráð einkum samkvæmt skjalfestum gögnum. Lengi var saga heimsins skrifuð með því móti fyrst og fremst. Sagan var í helztu dráttum stjórnmalasaga og persónusaga. Höfuðpersónur og leikendur voru kóngar, keisarar og herforingjar og loks einnig smám saman kjörnir fulltrúar fólksins eftir bandarísku byltinguna 1765–1783 og frönsku stjórnarbyltinguna sem byrjaði 1789.

Hinum megin standa aðrir höfundar, skáld og fræðimenn og vísinda sem skrifa um heiminn eins og hann horfir við þeim, stundum um afmörkuð efni og stundum um næstum allt sem heiti hefur eins og til að keppa við sagnfræðingana eða jafnvel slá þeim við. Dæmi um höfund af því tagi er Frakkinn Honoré de Balzac (1799–1850). Hann á e.t.v. meiri þátt í vitneskju Frakka um sögu sína á fyrri hluta 19. aldar en allir sagnfræðingar landsins samanlagt. Munar þar mest um sagnabálk hans *La Comédie Humaine*, gríðarlegt verk að vöxtum þar sem Balzac freistar þess að lýsa frönsku samfélagi stétt fyrir stétt og öllum krókum þess og kimum.¹ Ævisögur stjórnmalamanna og annarra fylla báða flokka.

Erfitt er að hugsa sér vel skráða sögu lands og fólks nema hún styðjist við báða þessa höfuðstofna heimilda. Hægt er að hugsa sér til einföldunar að beinagrindina leggi sagnfræðingar til og skáldin holdið og blóðið. Á 20. öld vék

þröng stjórnmálasaga, atvinnusaga og persónusaga smám saman fyrir víðfeðmari söguritun þar sem menningu og lifnaðarháttum almennings voru gerð skil auk þróunar stjórnmála og atvinnuhátta. Gott dæmi um nýja, breiðvirka söguritun er *Ísland á 20. öld* eftir Helga Skúla Kjartansson.² Aðgreiningin milli sagnfræðinga og skálda við ritun sögunnar – milli raunveruleika og skáldskapar, milli *fact* og *fiction* – á við eftir sem áður.

Eitt dæmi þekki ég um að sami maður hafi brugðið sér í bæði líkin og skráð sögu lands eða hluta hennar fyrst að hætti sagnfræðinga og síðan aftur að hætti skáldsins eins og til áréttingar. Það má heita tvísaga. Hér segir frá því.

Forsaga

Þorsteinn Gíslason skáld og ritstjóri (1867-1938) var bóndasonur að norðan og austan. Hann las norræna tungu og bókmenntir í Háskólanum í Kaupmannahöfn 1892–1896, en honum var synjað um rétt til að þreyta próf þar eð heimspekideild háskólans viðurkenndi ekki íslenzkar bókmenntir eftir 1500 sem verðugt ritgerðarefni. Þorsteinn hugðist skrifa m.a. um Austfjarðaskáldin, þ. á m. Stefán Ólafsson í Vallanesi (1619–1688), forföður sinn, helzta skáld landsins á sinni tíð ásamt Hallgrími Péturssyni (1614–1674). Þessi neitun Hafnarháskóla gaf Þorsteini tilefni til að ítreka tillögu sem hann hafði áður flutt um stofnun íslenzks háskóla í fjórum deildum en hún hafði verið felld á fundi íslenzkra stúdenta í Höfn með 20 atkvæðum gegn einu. Stúdentar voru tilvonandi embættismenn og vildu varast að rugga bátnum um of. Þorsteinn var skilnaðarmaður í stjórnlagadeilunni við Dani. Hann var Valtýingur.

Þorsteinn var ritstjóri *Sunnanfara* (1894–1898), *Dagskrár* (1896–1897, með Einari Benediktssyni), *Íslands* (1897–1899), *Bjarka* (1899–1904, með Þorsteini Erlingssyni), *Skírnis* (1903), *Óðins* (1905–1936), *Lögréttu* (1906–1936) og *Morgunblaðsins* (1920–1924). Í bundnu máli birti hann *Kvæði* (1893), *Nokkur kvæði* (1904), *Ljóðmæli* (1920), *Dægurflugur* (1925) og *Önnur ljóðmæli* (1933). Meðal bóka hans í lausu máli eru *Heimsstyrjöldin 1914–1918 og eftirköst hennar* (1924) og *Þættir úr stjórnmálasögu Íslands árin 1896–1918* (1936) auk margra þýðinga á verkum eftir m.a. Bjørnstjerne Bjørnson, Fjodor Dostojevskí, Emile Zola, Rudyard Kipling, Guy de Maupassant, Walter Scott, Gunnar Gunnarsson og

Henrik Ibsen. Hann birti m.a. smásögur eftir Halldór Kiljan Laxness þegar Halldór var enn á unglingsaldri. Hann var umsvifamikill útgefandi.

Tveir atburðir íslenzkrar stjórnmalasögu gnæfa yfir aðra. Hinn fyrri er endalok þjóðveldisins 1262 þegar Íslendingar, vígmóðir eftir langvinn átök og erjur Sturlungaaldar, afsöluðu sér sjálfstæði í hendur Noregskonungs og kemur ekki frekar við sögu hér. Síðari atburðurinn er upphaf heimastjórnarinnar 1904 þegar stjórnarskipti í Danmörku þrem árum fyrr urðu til þess að Íslendingum bauðst heimastjórn úr hendi Dana nokkru eftir að meiri hluti Alþingis hafði fallizt á málamiðlunartillögu Valtýs Guðmundssonar³ (1860–1928) um að Íslendingar gætu sætt sig við íslenzkan ráðgjafa með búsetu í Kaupmannahöfn. Alþingi hafði því varla fyrr sætt á málamiðlun Valtýs 1901 eftir harðvítugar deilur allar götur frá 1874 eða jafnvel 1845 en betri kjör buðust – heimastjórn! – eftir stjórnarskiptin 1901 sem Danir kalla *systemskiptet*. Það var þegar frjálslyndir menn (bændaflokkurinn Venstre ásamt jafnaðarmönnum sem sóttu fylgi sitt til vaxandi þéttbýlis) náðu meiri hluta í danska þinginu eftir samfellda stjórn íhaldsmanna (Højre) frá 1865. Nýir vindar blésu. Þingræði náði við þetta fótfestu í Danmörku. Í því fólst m.a. að kóngurinn gat ekki eftirleiðis beitt neitunarvaldi gegn lögum frá þinginu, en það hafði hann iðulega gert áður, t.d. þegar hann hafnaði sjálfstjórnarkröfum Alþingis hvað eftir annað fram að aldamótum.

Ein fluga í tveim höggum

Þessa sögu rekur Þorsteinn Gíslason í bók sinni *Þættir úr stjórnmalasögu Íslands árin 1896–1918*.⁴ Hann var virkur þátttakandi í atburðarásinni allar götur frá námsárum sínum í Kaupmannahöfn og þekkti persónulega flesta þeirra sem við sögu koma, ýmist sem samherja eða andstæðinga. Þótt hann segi söguna ýmist í návígi eða sem sjónarvottur virðist hann gæta hlutleysis og sannmælis. Það gerði honum trúlega auðveldara fyrir en ella hefði orðið að hann stóð í vinfengi við ýmsa samherja, andstæðinga og aðra sem héldu sig til hlés.⁵ Hann segir í bókinni m.a. frá vinsamlegu bréfi Valtýs Guðmundssonar til hans 1923 þar sem Valtýr þakkar honum fyrir að „hjer er í fyrsta sinn skýrt rétt og hlutdrægnislaust frá stjórnarskrárbreytingunni 1904 og aðdragandanum að henni“.⁶ Valtýr þérar Þorstein í bréfinu og höfðu þeir þó þekkt frá námsárum Þorsteins í Kaupmannahöfn fyrir aldamótin. Heimili Þorsteins og konu hans, Þórunnar

Pálsdóttur, að Þingholtsstræti 17 í Reykjavík var tíður samkomustaður stjórnámamanna á daginn og listamanna og annarra heimilisvina á kvöldin. Valtýr kom þangað þó aldrei svo ég viti, en Hannes Hafstein ráðherra (1861–1922) var þar tíður gestur. Einhverju sinni þegar Þorsteinn þurfti að lesa texta fyrir Hannes og fleiri á fundi heima í Þingholtsstræti mun Hannes hafa sagt eitthvað á þessa leið við Þorstein og skemmt sér vel og þeim hinum: „Þú getur verið svo daufgerður lesari sem þú getur verið skörulegur við skrifborðið“.⁷

Þorsteinn stóð ekki í eldlínu stjórnámanna en hann stóð ekki langt að baki línunnar sem ritstjóri *Lögréttu* frá 1906. *Lögrétta* var helzta málgagn Hannesar Hafstein og Heimastjórnarflokksins, fyrsta kastið ásamt *Þjóðólfi* undir ritstjórn Hannesar Þorsteinssonar til ársins 1909.⁸ Þorsteinn ritstýrði einnig *Óðni* frá 1905 og birti þar lærðar ritgerðir um bókmenntir, listir, landbúnað, tækni og vísindi, fjölbreyttar frásagnir um stefnur og strauma frá útlöndum og stundum m.a. sönglög. Þannig upphófst sá siður tónskáldanna – Sigfúsar Einarssonar, Sigvalda Kaldalóns, Inga T. Lárussonar, Páls Ísólfssonar o.fl. – að birta lögín sín í blöðunum.⁹ Stjórnmalaprefið í *Lögréttu* lét hvergi á sér kræla í *Óðni*. *Lögréttu* og *Óðni* ritstýrði Þorsteinn til 1936, en þá átti hann eitt ár ólifað. Hann lézt úr hvítblæði í ársbyrjun 1938. Elzti sonur hans, Vilhjálmur Þ. Gíslason (1897–1982), síðar útvarpsstjóri, ritstýrði *Lögréttu* ásamt Þorsteini síðustu fjögur árin sem blaðið kom út og lagði blaðinu til mikið og fjölbreytt efni frá eigin hendi.¹⁰

Vilhjálmur segist svo frá í nýútkomnum æviminningum:

Aldrei vildi faðir minn skrifa endurminningar sínar, en hann samdi á seinustu árum sínum allmikið rit um aldamótin, þar sem uppistaðan eru menn og málefni og daglegt líf í umhverfi hans sjálfs. ... Aðalpersónurnar eru þjóðkunnir menn í stjórnmalum og bókmentum aldamótanna eins og faðir minn hefur þekt þá á lengdar eða í beinum viðskiftum við þá í upphafi ferils síns, en margar aðrar persónur koma fyrir. Sumt af þessu er nokkuð samhliða því, sem hann hafði skrifað í stjórnmalapáttum sínum, en meira rakið að tjaldabaki og í hversdagslegu lífi en það var í stjórnmalafrásögnum. ... Sagan byrjar og endar á stjórnmalum, en á milli er lýst baráttu um fátækt og fisk, stórútgætur og verslun, eða þá balli, veislu og hjónavígslu í Dómkirkjunni eða náttúrufegurð og kveðjuhófi fyrir þjóðskáldið og andrúki hans og orðsins veldi.¹¹

Handrit Þorsteins hefur legið óbirt hjá fjölskyldu hans síðan 1938 og ber heitið *Tímamót. Saga. I. bóka: Ísland um aldamótin*.¹²

Sagan skiptist í 50 mislanga kafla og er tæplega 300 handskrifaðar blaðsíður að lengd. Fyrri hluti hennar heitir „Reykjavík um aldamótin“ og síðari hlutinn

„Aldamótin úti um land“. Höfundurinn lýsir sögunni svo að hún sé aldarfarslýsing og henni sé ætlað að lýsa ástandi landsins á þessum tíma og hugsunarhætti fólksins og breytingum á hvoru tveggja. Í lokakaflanum boðar hann framhald frásagnarinnar sem lýkur á fyrsta fundi Alþingis við upphaf heimastjórnar 1904. Framhaldinu sem aldrei sá dagsins ljós var trúlega ætlað að rekja kapalinn áfram frá heimastjórn til fullveldis 1918.

Þættirnir eru að stofni til tólf útvarpserindi sem höfundurinn flutti 1936. Þeir tilgreina því yfirleitt ekki skriflegar heimildir, hvorki í meginmáli né aftanmáls, nema á stöku stað eins og í frásögninni um einkabréf Valtýs til Þorsteins 1923. Aðrar heimildir – *Alþingistíðindi*, blaðaskrif og tímaritsgreinar – eru yfirleitt ekki nefndar til sögunnar svo sem sagnfræðingar síðari tíma myndu gera. Mér er ekki kunnugt um að nokkurt mishermi hafi fundizt í þáttum Þorsteins. Þættirnir bera að því leyti aðalsmerki góðrar sagnfræði. Þeir rekja rás atburðanna á vettvangi stjórnmalanna og leitast við að skýra hana innan þröngs ramma. Stjórnmalin eru ekki spyrt saman við aðra þætti þjóðlífsins. Konur koma lítt eða ekki við sögu enda höfðu þær þá hvorki kosningarrétt né kjörgengi. Þennan stakk kaus Þorsteinn að sníða sér í þáttunum að hætti sagnfræðinga þótt lífsstarf hans sjálfs snerist jöfnum höndum um skáldskap og stjórnmal. Heitið sem Guðmundur Hagalín rithöfundur valdi úrvali úr verkum Þorsteins á aldarafmæli hans 1967 vitnar um þessa tvískiptingu.¹³

Í þessu ljósi er hægt að skoða skáldsöguna *Tímamót*. Þar eru stjórnmalin sett í samhengi við marga aðra þætti þjóðlífsins eftir lögmálum skáldskaparins en þó þannig að lesandinn hefur enga ástæðu til að efast um sannleiksgildi frásagnarinnar. Þorstein færir út kvíarnar í allar áttir. Mannlýsingar sem áttu ekki heima í þáttunum bregða birtu á málflutning sögupersónanna í *Tímamótum*. Eiginkonur sem hvergi er rúm fyrir í þáttunum koma við sögu í *Tímamótum*. Aðrar konur birtast lesendunum á eigin vegum, t.d. Stefanía Guðmundsdóttir leikkona (1876–1926). Þorsteinn lýsir aðferð sinni svo í lokakafla bókarinnar í málsgrein sem hann hefur strikað yfir: „[a]llir þeir menn, sem koma við frásagnirnar hér á undan, eru nefndir með gervinöfnum“. Þeir eru samt nær allir auðþekkjanlegir, a.m.k. þeir sem koma mest við sögu. Stefanía Guðmundsdóttir heitir í bókinni Guðrún frá Leifshúsum:

Hún náði svo miklum tókum á áhorfendum, að brátt þótti varla gerandi að sýna þar [í Templarafjelaginu] leik, nema hún fengist til að vera með. ... allir urðu að koma í leikhúsið til þess að sjá Gunnu í Leifshúsum á leiksviðinu. ... Allir karlmenn heldri stjettanna, jafnvel æðstu embættismenn bæjarins og burgeisar kaupmannastjettarinnar, tóku djúpt ofan fyrir Gunnu í Leifshúsum, þegar þeir mættu henni á götu.

Stjórn málin eru í bókinni sett í samhengi við atvinnumál og menningu.

Landbúnaði, sjávarútvegi og verzlun er lýst m.a. með því að rekja ólík sjónarmið þeirra sem um þau fjalla. Þar er t.d. lýst viðbrögðum sumra bænda við framfaratillögum búfræðinga sem numið höfðu fræði sín erlendis og margir bændur tortryggðu og einn þeirra kallaði „fræbúðinga“.¹⁴ Þarna er einnig lýst samskiptum útvegsmanna við fátæklinga sem þeir höfðu í vinnu og árdögum verklýðsbaráttunnar.¹⁵ Þá er lýst samskiptum almennings við verzlunarstéttina sem var öðrum þræði dönsk. Hvergi er orðinu hallað á einn hóp frekar en annan enda vakti það eitt fyrir höfundinum að lýsa ólíkum sjónarmiðum frekar en að gera upp á milli þeirra. Sumum lesendum kann að þykja bókin bragðdauf fyrir vikið.

Þorsteinn segir m.a. frá orðræðum um innlenda embættismenn. Skoðanir almennings á þeim voru þá misjafnar eins og jafnan síðan. Sumir töldu prestana úr Prestaskólanum vanbúna til verka og einnig læknana úr Læknaskólanum og lögðust með þeim rökum gegn flutningi lagakennslu frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur. Höfundurinn segir frá veislu Ólsenshjóanna, en húsakynni þeirra voru lík því, sem þá var venja hjá heldra fólki. ... Allt var gamaldags en þó ríkmannlegt í þessu húsi. ...

Í veisluna voru boðnir elstu og helstu embættismenn bæjarins. Þar voru landshöfðingjahjónin, amtmannshjónin og háyfirdómarahjónin, og enn fremur tveir gamlir embættismenn ...

Hjá gömlu embættismönnum barst talið fljótlega að því efni, sem mest skipti þá skoðunum manna, en það var framsókn Gisslingaflokksins ... Það var minnst á nokkra embættismenn, sem fylgdu Gissuri að málum, en í þeim hópi, sem þarna sat, voru allir andstæðingar hans. Þeim kom saman um, að embættismannastjettin væri að breytast og það til hins verra. ...

Hinir gömlu embættismenn höfðu rótgrónar skoðanir á helgi embættisvaldsins. Þeim fanst öll rýrnun þess vera bein afturför og spilling. En annars voru þeir góðir menn og rjettvísir, sem vildu ekki vamm sitt vita ...

Svo var farið að tala um embættismannastjettina, hverja fyrir sig. Fyrst sýslumennina. Sæmundsen vakti máls á því, að allir þeir sýslumenn, sem dáið hefðu á síðustu tímum, hefðu látið eftir sig gjaldþrota dánarbú, og kom þeim öllum saman um, að þetta ... hlyti að bjóða niður þá virðingu, sem almennungur hefði borið fyrir stjettinni.

Þá var minst á læknana, yngstu embættismannastjettina. Öllum kom saman um, að meðal yngri læknanna væru nokkrir duglegir menn og vel færir í sinni ment, en þeir væru allir frá háskólanum í Kaupmannahöfn. Amtmaður, Ólsen, Laxdal, Sæmundsen og Johnsen voru allir sammála um það, að rjettast væri að leggja læknaskólann niður og prestaskólann helst líka, og senda öll embættismannaefni Íslands til háskólans í Kaupmannahöfn. En landshöfðingi og háyfirdómari andmæltu því, sögðu, að við værum of lengi búnir að stríða fyrir því, að fá þá skóla inn í landið til þess að við fleygðum þeim frá okkur aftur, enda yrði fljótt vöntun á mönnum í embættin, ef það yrði gert. Hinir sögðust kvíða því, ef lagaskóli kæmi hjer, eins og um var talað. Það yrði til þess, að við fengjum ómentaða menn í lögfræðingaembættin líka. Það er engin mentun, sem mennirnir fá hjer heima, sögðu þeir. ...

Þegar máltíðinni var lokið, var borðstofunni breytt í danssal og hljóðfærið flutt þangað inn. ... Í stásstofunni settust gömlu mennirnir að við spil og viskí.

Þessi skoðanaskipti um háskólanám eru eftirtektarverð í ljósi þess sem áður sagði um meðferðina sem Þorsteinn Gíslason mátti þola í Hafnarháskóla.

Mörgum íslenskum stúdentum þótti laganámið í Hafnarháskóla lítils virði. Einar Benediktsson skáld og laganemi mun hafa sagzt ekki fara þangað inn fyrir dyr nema til að snýta sér í gluggatjöldin. Lagaskólinn var ekki stofnaður í Reykjavík fyrr en 1908. Læknaskólinn hafði starfað þar frá 1876 og Prestaskólinn frá 1847. Nám þar tók tvö ár og var einkum ætlað þeim sem ekki höfðu tók guðfræðinámi í Kaupmannahöfn. Allir skólarnir þrír runnu inn í Háskóla Íslands við stofnun hans 1911.

Þorsteinn Gíslason kemur víðar við í *Tímamótum*. Hann lýsir híbýlum manna og húsbúnaði, ekki aðeins á heldri heimilum og skrifstofum, heldur einnig í hreysunum í Skuggahverfinu í Reykjavík og víða um land. Hann lýsir hjátrú og skyggnilýsingu og einnig tortryggni gagnvart hindurvitnum. Hann lýsir m.a.s. póstráni þar sem pósturinn fannst dauður, fúlgum fjár hafði verið stolið úr koffortunum og – hver hefði getað sagt sér það? – grunurinn féll á Íslending en ekki t.d. á vesturfararagent sem verið hafði á svipuðum slóðum og hafði skömmu fyrr sagt opinmynntum sveitamönnum frá póstráni í vesturheimi. Hann lýsir dansleikjum, drykkjuskap og veðurfari, ekki þar fyrir að slíkar lýsingar hafi varanlegt gildi heldur til að lýsa umræðuefnum almennings.

Frásögn *Tímamóta* hefst á komu Gissurar Gunnlaugssonar (Valtýr Guðmundsson) með skipi til Reykjavíkur laust fyrir aldamótin og síðan komu Brynjólfs Hreinssonar (Benedikt Sveinsson, 1826–1899) með öðru skipi. Báðum

mönnum er vel lýst og viðbrögðum viðstaddra við málflutningi þeirra. Ókunnugur lesandi fær ekkert hugboð um að höfundurinn er allur á bandi Valtýs og andvígur sjónarmiðum Benedikts. Helztu ágreiningsefnum er lýst, en þau snerust um hversu langt skyldi ganga í kröfugerð á hendur dönsku stjórninni. Valtýr taldi ráðlegt að fallast á að Íslandsráðgjafinn sæti í Kaupmannahöfn þar eð ráðherra með búsetu á Íslandi myndu Danir ekki samþykkja. Rafn Sveinsson ritstjóri (Björn Jónsson, 1846–1912) og blað hans *Ættjörðin (Ísafold)* koma við sögu, enda var Björn náinn samherji Valtýs, og það gerir einnig nokkru síðar Glúmur Vésteinsson ritstjóri (Hannes Þorsteinsson, 1860-1935) og blað hans *Heimdallur (Þjóðólfur)*. Einnig er sagt frá ævintýraljómanum sem lék um komu Geirs Haraldssonar (Jón Ólafsson, 1850–1916) til Íslands frá Ameríku, en Jón hafði þurft að flýja land vegna meiðyrðamálsókna. Hjalti Einarsson bankastjóri (Tryggvi Gunnarsson, 1835–1917) kemur einnig við sögu og ráðskonur hans ónefndar.

Þaðan berst frásögnin að öðrum þáttum þjóðlífsins og út um land svo lesendur nái að kynnast andrúmi og umhverfi stjórnmalanna og orðræðu almennings um þau mál og önnur. Bændur hafa orðið, einnig vinnuhjú og verðandi verklýðsforingjar o.m.fl.

Lengsti kafli sögunnar heitir „Þjóðskáldið“ og segir frá séra Guðbrandi Þorkelssyni (Matthías Jochumsson, 1835–1920). Það er ein bezta samtímalýsing á séra Matthíasi sem til er ef frá er talin sjálfsævisagan.¹⁶

Það var eins og nýr loftstraumur kæmi með honum inn í húsin til þess fólks, sem hann heimsótti, yngdur og kátur úr utanlandsförinni. Hann talaði um alt milli himins og jarðar, ýmist í spaugi eða alvöru, og alstaðar, þar sem hann kom, lifnaði yfir mönnum meðan á dvöl hans stóð. Svona gekk hann milli húsanna, sem hann var kunnugur í, fyrstu dagana eftir að hann kom. Stundum sat hann niðri á Hótel Esju (Hótel Ísland) og rabbaði við gamla og nýja kunningja, og þar var það einkum, sem yngri menn og vinir náðu tali af honum. ...

Afstaða þessa háfleyga, viðsýna og vængjabreiða söngvara til umhverfisins og mentalífsins í landinu yfir höfuð var þannig, að menn bæði dáðu hann og rifu hann niður. Hann afneitaði ýmsu, sem yngri kynslóðin tignaði, og ómarnir, sem frá henni heyrðust, voru ekki í samræmi við rödd hans. En hún var hæsta og sterkasta röddin. Tónsvið hans var svo vítt, að það náði frá barnslegustu og viðkvæmustu tilfinningum mannsálarinnar yfir í þrumurödd storms og veðragnýs allra þeirra harma og hugarstríðs, sem ólga í sál umbrotamannsins. Hann horfði ýmist eins og örn yfir fold og sjó, út yfir alheiminn eða yfir sögu ættlands síns frá upphafi og fram á

nýjustu tíma, eða þá að hann kvakaði eins og smáfugl í góðviðri, sem syngur um daginn og veginn.

Undir lok sögunnar hverfur hún aftur að stjórnámálum. Þar er m.a. lýst stjórnámálfundi þar sem Gisslingar (Valtýingar) og andstæðingar þeirra tókust á með tilheyrandi fundarspjöllum.

Söggunni lýkur með frásögn af fyrsta fundi Alþingis að fenginni heimastjórn og fer hann hér á eftir í heild. Höfundurinn fer hér leið sem engum sagnfræðingi leyfist að fara: Hann setur sig í spor sögupersónanna og reynir að gera sér í hugarlund líðan þeirra. Ég hnýt um eitt atriði í kaflanum. Þorsteinn lýsir „öfund“ af hálfu Valtýs. Þorsteinn þekkti Valtý og gerþekkti marga þeirra sem þekktu Valtý bezt. En hvergi í birtum bréfum Valtýs birtist nokkur umtalsverður vottur öfundar eða óvildar af hans hálfu í garð andstæðinga hans eða annarra. Þetta hlýtur samt að vera rétt hjá Þorsteini og hafa óskráð reynslurök við að styðjast. Hér höfum við skýrt dæmi um efni sem skáldin geta skaffað sagnfræðingum.

Hér birtist nú í fyrsta sinn lokakafli *Tímamóta*:

50. Sögulok

Hér verður nú ekki rakinn ferill stjórnmaladeilunnar frekar en orðið er. Hún stóð lengi yfir, og allt fram undir lok hennar varð ekki séð, hvor flokkurinn mundi sigra. En stuttlega verður að gera grein fyrir þeim málum, sem fyrstu þættir þessarar bókar fjalla um. Deilurnar um stjórnarbreytinguna yfirgnæfðu á þessum árum öll önnur umhugsunarefni hér á landi. Þess vegna verður tímabilinu, sem þær ná yfir, ekki rétt lýst, nema þær séu að einhverju leyti teknar með.

Þegar Gissur kom fram á sjónarsviðið, virtist deilan um landsréttindi Íslands í sambandinu við Danmörku komin í óleysanlega flækju milli alþingis og dönsku stjórnarinnar. Alþingi hafði ár eftir ár haldið fram kröfum, sem stjórnin neitaði. Hvorugur málsaðilinn hafði komið fram með nokkrar miðlunartillögur. Það var Gissur, sem fyrstur beitti sér fyrir því að reyna að miðla málum, og sú lausn, sem hann fylgdi fram, varð til þess að draga málið úr þeirri sjálfheldu, sem það var komið í, og hrinda því í nýtt horf. En andstæðingum hans þótti allt of lítið fengið með þeirri lausn, sem hann hafði fram að bjóða. Aðalforingi andstæðingaflokksins, Brynjólfur Hreinsson, féll í valinn meðan á deilunni stóð, og landsréttindakröfur þær, sem hann hafði haldið fram, féllu smátt og smátt niður, en þungamiðja deilunnar milli flokkanna varð hið svo nefnda búsetuákvæði. Gissur hafði gert ráð fyrir, að hinn fyrirhugaði íslenski ráðherra yrði búsettur í Kaupmannahöfn, við hlið konungs, en mótflokkur hans kom fram með þá kröfu, að hann yrði búsettur í Reykjavík. Ný stjórn kom til valda í Danmörku um aldamótin. Hún bauð Íslendingum að velja um það sjálfum, hvort hinn fyrirhugaði ráðherra skyldi vera búsettur í Kaupmannahöfn eða

Reykjavík. Á þessu sigraði andstæðingaflokkur Gissurar, því þegar til kom, vildu allir heldur fá ráðherrann heim. Meðan á deilunni um þetta stóð, kom fram nýr foringi í flokki andstæðinga Gissurar, glæsilegur og mikilhæfur maður, Hákon Marberg. Frásagnirnar í þessari bók og framhaldi hennar eiga að vera aldarfarslýsing, segja frá ástandi landsins og hugsunarhætti manna á því tímabili, sem þær ná yfir, og sýna þær breytingar, sem urðu á þessu hvoru tveggja. En þeirra ætlunarverk er ekki að segja sögu einstakra manna eða mála, nema að því leyti sem þess er þörf til skýringar ástandinu og hugsunarhættinum almennt.

Endirinn á baráttu Gissurar varð sá, að hann beið ósigur og flokkur sá, sem honum hafði fylgt að málum. Búseta ráðherrans í Reykjavík var fengin. Þann sigur þökkðu menn Hákonni manna mest. Stóru málin tvö, sem minnst er á hér á undan, símamálið og bankamálið, komust fram og urðu mjög samferða stjórnarfarsbreytingunni. Varð það hlutskipti Hákonar að koma þeim báðum í framkvæmd. Þessi þrjú mál urðu meginundirstaðan að þeim gerbreytingum, sem áttu sér stað hér á landi á næstu áratugum. En þetta var Gissurarstefnan upphaflega, með þeirri miklu viðbót þó, að ráðherrann varð búsettur í Reykjavík. Gömlu landsréttindakröfurnar fylgdu ekki þar með. Þeim var ekki fullnægt með þessum breytingum.

Þegar alþing kom saman í fyrsta sinn eftir stjórnarfarsbreytinguna, var Hákon þar umkringdur af stórum meiri hluta, sem dáði hann og dýrkaði. Margir af þeim, sem áður höfðu fylgt Gissuri, voru nú komnir yfir til hans, og flokkur hans var í engum efa um það, að í ráðherrastöðuna hafði valizt sá maður, sem beinlínis væri til þess skapaður að takast hana á hendur. Einlægur umbótaáhugi var ráðandi í flokknum og sá ásetningur að halda vel saman og reynast vel.

Þegar alþing var sett í neðrideildarsalnum og Hákon gekk hnarreistur, fríður og föngulegur, til landshöfðingjastólsins, sem nú átti að breyta nafni og heita ráðherrastóll, stóð þar um stund og las upp konungsboðskapinn um setningu þingsins: Vér Kristján IX felum Íslandsráðherra vorum elskulegum, Hákonni Marberg, o.s.frv. – sat Gissur, minnihlutaforinginn, eins og á nálum í sæti sínu og horfði með brennandi augnatilliti á sigurvegarann.

Þennan stól, sem Hákon settist nú í, hafði hann ætlað sér, og hafði lengi haft ástæðu til að ætla, að það mundi verða sitt hlutskipti að setjast þar. Og hann gat ekki betur séð en að hann hefði mest til þess unnið. Honum fannst, að hann hefði vakið upp ölduna, sem bar bátinn að landi. Ef hann hefði ekki komið fram með breytingartillögur sínar og náð með þeim nokkrum tókum á dönsku stjórninni, þá fannst honum, að allt mundi hafa hjakkað hér í sama farinu og áður. Og fyrir þetta hafði hann fengið óþökk, háð og níð landa sinna, brigzlyrði um, að hann ræki erindi erlends valds gegn ættjörð sinni, og að honum hefði aldrei gengið annað til en hégómleg valdagirni. Þetta höfðu andstæðingablöð hans étið hvert eftir öðru, og hann fann, að sú skoðun var orðin ofan á hjá almenningi í landinu. Stjarna hans var gengin undir á stjórnmalahimninum, og hann sá litlar líkur til þess, að hún mundi nokkurn tíma rísa upp aftur, þótt hann ætti enn um tíma sæti á þinginu í máttlausum minnihluta-flokki. Svona leit hann nú á málin og þótti hlutskipti sitt hart. En hann var yfirunninn og varð nú að láta sér skiljast, að sigraðir menn verða að sætta sig við allt.

Hann leit á Hákon í valdastólnum, sælan og sjálf glaðan, í skini almennrar aðdáunar. Honum fannst Hákon engan veginn vera vel að þeirri hamingju kominn, sem honum hafði fallið í skaut, fannst hann hafa með ránshendi tekið töfragrip hamingjunnar frá sér. Hann hafði komið á síðustu stundu, og þá var eins og allt væri fyrirhafnarlaust lagt upp í hendur hans. Öll atvik og öll tilfelli höfðu miðað að því að gefa honum sigurinn. Og hann virtist taka á móti öllu þessu sem sjálfsögðum þökkum fyrir að hafa leyst úr öllum vandræðum, og laununum líka. Hann virtist sannfærður um, að hann hefði unnið til alls þessa og ætti það skilið. Hamingjan hefði leikið við þennan glæsilega mann og boðið honum þjónustu sína.

Af þessu brann nú bæði gremja og öfund í huga Gissurar, einkum þessa stundina, meðan Hákon var að taka sæti í hinum nýja valdastóli þingsins. Hann ásakaði sjálfan sig fyrir þau misgrip, sem honum fannst nú, að sér hefðu orðið á, er árangurinn af margra ára stríði hafði gengið honum úr greipum. Og hann ásakaði hamingjuna, sem honum fannst óverðskuldað hafa yfirgefið sig og kastað öllu dálæti sínu á annan. Hann ásakaði flokksmenn sína fyrir ýmis misgrip, sem honum fannst þeim hafa orðið á í baráttunni. Og hann ásakaði landslýðinn fyrir skilningsskort á öllu því, sem fyrir honum hafði vakað. Hann sá í huganum baráttuna frá upphafi og minntist þess, hve sigurvegir hans höfðu oft verið bjartar og hve gunnreifur hann hafði oft verið, er hann barðist fyrir máli sínu. Hann hafði ekki misst kjarkinn, þótt oft blési á móti. Hann hafði, þvert á móti, færst í aukana, er á hann var ráðist. En það var meðan vonin um sigur hafði verið vakandi. Nú var taflað tapað. Hann hafði beðið ósigur. Sigurvegarinn sat í valdastólnum.

Aldan sem bar bátinn að landi

Gissur Gunnlaugsson birtist strax í fyrsta kafla *Tímamóta* og einnig í lokakaflanum að framan og víða annars staðar í bókinni enda hverfist stjórn málaöxull sögunnar um hann og andstæðinga hans. Hákon Marberg (Hannes Hafstein) birtist ekki fyrr en í lokakaflanum, en ætla má að honum hafi verið fyrirhugað veigamikið hlutverk í framhaldi sögunnar sem ekki varð af.

Valtýr Guðmundsson er að minni hyggu merkasti stjórn málaamaður Íslands frá öndverðu að Jóni Sigurðssyni einum undan skildum.¹⁷ Þorsteinn Gíslason lýsir málinu vel þegar hann segir um Valtý að „[h]ann hefði vakið upp ölduna, sem bar bátinn að landi“. Jón og Valtýr áttu manna mestan þátt í að ryðja Íslandi braut inn í nútímann og fór þó hvorugur þeirra með framkvæmdarvald. Báðir sátu þeir lengi á Alþingi, en þingið var ekki höfuðvettvangur þeirra heldur tímaritin sem þeir ritstýrðu. Báðir bjuggu í Kaupmannahöfn. Jón brýndi Íslendinga til dáða í *Nýjum félagsritum*. Valtýr beitti fyrir sig *Eimreiðinni*.

Eimreiðin seldist í 1500 eintökum á móti 400 eintökum *Nýrra félagsrita* á tímum Jóns forseta.

Valtý varð að ýmsu leyti betur ágennt en Jóni forseta, en Jón hafði undirbúið jarðveginn. Árangurinn af þrotlausu starfi Jóns birtist smám saman í upplýstara viðhorfi lesenda hans og fylgismanna til ýmissa framfaramála sem komust í höfn eftir daga Jóns. Hann stappaði stálinu í landsmenn og plægði og sáði í jarðveginn fyrir framtíðina. Valtýr tók við kyndlinum af Jóni og náði skjótum árangri. Þegar Valtýr tók sæti á Alþingi 1894 hafði sjálfstæðisbaráttan hjakkað árum saman í hjólförum ófrjós og innantóms þrefs um stjórnskipuleg formsatriði. Valtýr fann nýjan flöt á sjálfstæðismálinu. Hann mótaði raunhæfar kröfur á hendur dönsku stjórninni í stað þeirra einstrengingslegu ályktana og frumvarpa sem Alþingi hafði sent frá sér árin á undan og danska stjórnin hafði jafnharðan hafnað. Málamiðlun Valtýs fólst í að slá af ströngustu kröfum um stjórnskipuleg formsatriði til að rjúfa kyrrstöðu efnahagslífsins. Þetta var kjarni Valtýskunnar sem meiri hluti Alþingis gerði að sinni stefnu 1901 eftir sex ára þóf. Barátta hans hratt af stað þeirri atburðarás sem endaði með heimastjórn 1904. Hannes Hafstein átti lítinn hlut að því máli þótt hann veldist til ráðherradóms þegar til átti að taka.

Löngu er því orðið tímabært að reisa stóra styttu af Valtý Guðmundssyni á stjórnarráðsblettinum í Reykjavík við hlið Hannesar Hafstein. Það er hvort sem kominn tími til að Kristján konungur IX hverfi af stalli sínum og komi sér heldur fyrir með sína gömlu dönsku stjórnarskrá á einhverjum viðeigandi stað, t.d. á Jótlandsheiðum.



Þorsteinn Gíslason. Höggmynd eftir Inga Þ. Gíslason (1905–1956)

* Höfundur er sonarsonur Þorsteins Gíslasonar sem hér er sagt frá. Hann þakkar Jóni Þ. Þór fyrir hjálplegar athugasemdir við fyrri gerð textans.

¹ Sjá Stefan Zweig, *Balzac*. Þýð. Sigurjón Björnsson (Reykjavík: Skrudda 2016).

² Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld* (Reykjavík: Sögufélag 2002).

³ Jón Þ. Þór, *Dr. Valtýr – Ævisaga* (Reykjavík: Urður 2010).

⁴ Þorsteinn Gíslason, *Þættir úr stjórnmálasögu Íslands árin 1896–1918* (Reykjavík: Steindórsprent 1936).

⁵ Höfundurinn segir í formála bókar sinnar: „Sem blaðamaður hef jeg verið meira eða minna þátttakandi í umræðum og deilum um þau mál, sem jeg segi frá, allan þann tíma, sem frásögn mín nær yfir, en hygg samt að jeg geti skýrt frá þeim án hlutdrægni“. Þorsteinn Gíslason, *Þættir*, bls. 5.

⁶ Þorsteinn Gíslason, *Þættir*, bls. 44.

⁷ Eitt afbrigði þessa klofnings er þekkt í leikhúsum þar sem prýðilegir sviðsleikarar eru sumir nær óskiljanlegir á samlestraræfingum þar eð þeim lætur ekki vel að lesa upp.

⁸ Hannes Þorsteinsson snerist gegn Uppkastinu 1908 og þá um leið gegn eigin flokki. Það varð til þess að heimstjórnamenn misstu *Þjóðólf* og stóð *Lögrétta* þá eftir sem aðalmálgagn flokksins.

⁹ *Óðinn* birti 1915 lag Inga T. Lárussonar við kvæði Jónasar Hallgrímssonar „Jeg bið að heilsa“ og hóf með því langa hefð birtingar prentaðra sönglaga eftir íslensk tónskáld.

¹⁰ Vilhjálmur Þ. Gíslason, *Blöð og blaðamenn 1773–1944* (Reykjavík: Almenna bókafélagið 1972), bls. 217–223.

¹¹ Vilhjálmur Þ. Gíslason, *Orð og gerðir I*, Barn og unglungur (Reykjavík: Fjölskylda Vilhjálms Þ. Gíslasonar 2018), bls. 36–37. Þjóðskáldið í lokamálsgreininni er séra Matthías Jochumsson eins og síðar kemur fram.

¹² Alexander Jóhannesson rektor Háskóla Íslands segir í ritgerð sinni um Þorstein Gíslason: „Hann samdi síðustu árin mikið skáldverk um samtíma viðburði í íslenzku þjóðlífi, „Gissur,“ sem hefur enn ekki verið gefið út.“ Alexander hlýtur að eiga við *Tímamót*. Sjá Alexander Jóhannesson, „Þorsteinn Gíslason“. *Merkir Íslendingar*, Nýr flokkur IV (Reykjavík: Bókfellsútgáfan 1965), bls. 290.

¹³ Þorsteinn Gíslason, *Skáldskapur og stjórnmál*. Útg. Guðmundur G. Hagalín (Reykjavík: Almenna bókafélagið 1966).

¹⁴ Uppnefnið „fræbúðingur“ birtist fyrst á prenti í grein Einars Benediktssonar skálds í *Sunnanfara* í desember 1891.

¹⁵ Sjá „Fólkið í Selkoti“, sjálfstæða frásögn, eina heila kaflann í *Tímamótum* sem birzt hefur hingað til á prenti. Þorsteinn Gíslason, *Þættir*, bls. 297–313.

¹⁶ Matthías Jochumsson, *Sögukaflar af sjálfum mér* (Reykjavík: Þorsteinn Gíslason 1922).

¹⁷ Þorvaldur Gylfason, *Tveir heimar* (Reykjavík: Háskólaútgáfan 2005), bls. 646–657.